

# Alþjóðlegir friðarstyrkir Rótarý

**Rótarýsjóðurinn, Rotary Foundation**, sem rekinn er af Alþjóða Rótarýhreyfingunni, mun veita allt að 50 styrki til tveggja ára meistaranáms í friðarfræðum skólaárin 2021-2023. Styrkirnir verða veittir til náms og rannsókna, sem tengjast alþjóðasamstarfi og eflingu friðar í heiminum.



Fanney Karlsdóttir, sem var við nám við Brisben segir: „Styrkurinn veitti mér ógleymanlegt tækifæri til að vera í góðu námi með fjölbreyttum hópi fólks sem myndaði gott tengslanet. Styrkurinn var veglegur og að auki bættist við gestrisni Rótarýfélaga sem ég og maðurinn minn áttum ekki orð yfir“.

Í þessu skyni hefur Rótarýsjóðurinn komið á samvinnu við fimm virta háskóla:

- [Duke University and University of North Carolina at Chapel Hill](#), Bandaríkjunum
- [International Christian University](#), Tokyo, Japan
- [University of Bradford, West Yorkshire, Englandi](#)
- [University of Queensland, Brisbane](#), Ástralíu
- [Uppsala University, Uppsala](#), Svíþjóð

Styrkirnir, sem eiga að **standa undir tveggja ára námskostnaði**, eru alþjóðlegir samkeppnisstyrkir. Umsækjendur skulu að loknu háskólaprófi hafa aflað sér umtalsverðrar reynslu (3ja ára) af störfum við mannúðarmál innan lands eða utan. Rótarýhreyfingin á Íslandi getur mælt með umsókn með hliðsjón af viðtali og könnun á námsferli og störfum. Makar, afkomendur og makar afkomenda lifandi Rótarýfélaga geta ekki sótt um styrkinn.

Nánari upplýsingar um námið, háskólana, umsóknarskilmála og umsóknareyðublað er að finna [hér](#).  
[Facebook síða](#)

Umsóknarfrestur er til 31. maí 2020.

